

# Ársskýrsla Bláa hersins 2019.

## Janúar

Undirritaður fær Fálkaorðu Forsetans . Umhverfisráðstefnan í Tallinn 23-27 jan. Stofnuð heimssamtök utan um verkefnið World Cleanup Day. Blái herinn er stofnaðili. Farnir tveir girðingarrúntar um FLE.

## Febrúar

Nokkrar helstu fjörur skoðaðar með verkefni í huga í sumar á Reykjanesinu.

## Mars

Nokkrir girðingarrúntar teknir við FLE og austursvæði, Garðskagafjara hreinsuð, skoðaðar Víðisandsfjara, Herdísarvík, Þórkötlustaðafjara og Hópsnes.Farið með rekavið til Elkem.Farið á Höfn og skoðunarferð um Suðurfjörur með Umhverfissamtökum Austur Skaftafellssýslu.

## Apríl

Sótti fríholtið stóra í Þorlákshöfn og kom til Keflavíkur(Fagur fiskur í sjó-listaverk á Barnahátíð Reykjanesbæjar). Hreinsuð Fuglavík og Melabergsfjara ásamt landeigendum. Útkall í girðingar hjá LHG á Keflavíkurflugvelli eftir mikinn storm.Norðvesturhringur farinn og hreinsaður.Girðingar við FLE hreinsaðar x 3. Árlegi hreinsunardagurinn hjá ISAVIA. Stóri Plokkdagurinn.

## Maí

Samnorræni strandhreinsidagurinn haldinn í byrjun mánaðarins á Höfn,Snæfellsnesi,Grindavík og Hellu. Nokkrar skoðunarferðir á Reykjanesi með hreinsun í huga. Garðskagi hreinsaður x 3. Þórshöfn hreinsuð. Ásbrúarplokkdagur haldinn í 4 sinn.

## Júní

Skipsheimsókn í Reykjavíkurhöfn og fyrirlestur. Skoðuð fjaran við Reykjanesvirkjun, Herdísarvík hreinsuð ásamt Svavari Hávarðssyni yfir plokkara. Dagur Hafsins haldin hátíðlegur ásamt SFS og Reykjanes Geopark og Krossvík hreinsuð að hluta til. Þórkötlustaðafjara hreinsuð, Hraunsvíkurfjara hreinsuð x 1. Skoðun á Bjarnargjá og Hópsnesgarður hreinsaður af Grindavíkurbæ.

## Júlí

Hraunsvíkurfjara hreinsuð x 2. Hreinsun við FLE og austursvæði Keflavíkurflugvallar tekið í nefið.

## Ágúst

Húshólmi í hreinsunarferli (Pólskir starfsmenn Icelandair). Mölvík hreinsuð ásamt Marglyttum og Forsetanum, Fréttastofa RUV kom og myndaði verkefnið. Herdísarvík hreinsuð ásamt starfsfólki Hampiðjunnar. Fiskidagurinn mikli hreinsunarverkefni í Eyjafirði, (Artic Adventure stjórnaði) einnig fór Birna H.Reynisdóttir starfsmaður BH norður. Hún fór einnig Vestur á Bolungarvík og fræddi þátttakendur í Bolungarvík (Mýraboltanum) um umhverfismál. Einnig fór hún í nokkrar skoðunarferðir að finna óhreinar fjörur í leiðinni frá Bolungarvík til Dalvíkur. Toyota lánaði bíl.

## September

Plastlaus September á Ljósanótt var með viðburð og BH með listaverkið sitt þar til sýnis þá helgina. Sandvík hreinsuð ásamt starfsfólki Bandaríska sendiráðsins og gestum þeirra. TF-LÍF kom í heimsókn. World Cleanup Day haldin í Reykjavík. Til stóð að hreinsa Akurey og Engey en veður hamlaði því, var Grandinn hreinsaður. Farin skoðunarferð með Toyotafólki við Bjarnargjá. Hreinsunarverkefni við Eyrarbakka í tilefni af ráðstefnu um plast í hafinu. Sjávarútvegssýningin í Laugardal heimsótt. Marglyttur synda boðsund yfir Ermasund til styrktar Bláa hernum og vekja athygli á plastmengun hafsins í leiðinni.

## Október

Húshólmaverkefnið klárað að hálfuleyti ásamt LHG sem kom með TF-LÍF og hífði 17 sekki af svæðinu.

## Nóvember

Skoðun Víðisandur, Herdísarvík, Krossvík, Sandvík. Girðingarhreinsun við FLE. Sjávarútvegs - ráðstefnan í Reykjavík haldin í 10 sinn. Tók þátt að vanda.

## Desember

Gerður nýr samstarfssamningur við Toyota fyrir árið 2020 sem er 25 starfsár Bláa hersins. Forsetinn gefur grænt ljós á verkefnið Plasthreinaasta landhelgi í heimi.

Hreinsunarverkefni ársins voru yfir 40 á landsvísu. Yfir 1000 manns komu í öll verkefni þar sem Blái herinn var að verki á einn eða annan hátt. 50 tonn voru hreinsuð á árinu úr öllum þessum verkefnum og vinnustundirnar voru 5000. Frá stofnun Bláa hersins hafa 9600 manns hreinsað yfir 1540 tonn og unnið 76.000 vinnustundir fyrir land og þjóð með bros á vör sem sjálfboðaliðar.

Stjórn Bláa hersins hélt 4 fundi á árinu.

Virðingarfyllt

Tómas J. Knútsson